

Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
Þórshamri, Templarasundi

Tilv. yðar

Tilv. vor 98.13

Dags. 10.09.2001

150 REYKJAVÍK

Meðfylgjandi er umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til raforkulaga. Umsögnin var unnin af starfshópi á vegum framkvæmdastjórnar fyrirtækisins og skiptist í eftirfarandi þrjá þætti:

1. Inngangur – almenn atriði.
2. Helstu athugasemdir við einstaka kafla.
3. Athugasemdir við einstakar greinar.

Landsvirkjun geymir sér rétt til að gera frekari athugasemdir við frumvarpið ef ástæða verður talin til. Jafnframt er fyrirtækið tilbúið til að taka þátt í frekari undirbúningi málsins.

Ástæða er til að benda á að æskilegt er að undirbúa málið vel áður en endanlegt frumvarp verður lagt fram. Breyta þarf ýmsum lögum og til bóta er að öll viðkomandi lagafrumvörp verði til umfjöllunar á sama tíma.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson
forstjóri

Afrit: Iðnaðarráðuneyti
Samorka

Inngangur – almenn atriði

Megintilgangur frumvarps til raforkulaga er að mæta nýjum viðhorfum. Þau byggjast á aðskilnaði náttúrulegra einokunarpáttá á raforkusviðinu, flutningi og dreifingu, frá vinnslu og sölu með það í huga að skapa þeim síðartöldu aðstöðu til samkeppni. Jafnframt er tilgangur frumvarpsins að koma til móts við tilskipun ES um innri markað raforku. Reynslan af nýskipan raforkumála í Evrópu og víðar er almennt séð góð. Í Evrópu er að verða til einn raforkumarkaður sem gefur veruleg tækifæri til samkeppni. Raforkufyrirtækjum fer þar fækkandi vegna sameiningar en jafnframt stækka þau enda er það talið nauðsynlegt til að mæta þörfum og kröfum frjáls markaðar og standast samkeppni. Rafmagnsverð hefur lækkað í Evrópu með tilkomu markaðsvæðingar, einkum til stórnotenda, og stafar sú lækkun að mestu af því að umframorka sem var til í hverju ríki fyrir sig komst á markað í samkeppni. Hins vegar hefur rafmagnsverð lækkað mun meira en svo að arðsemi nýrra orkuvera sé viðunandi. Því er fyrirséð að rafmagnsverð í þessum löndum muni hækka á næstunni til að tryggja eðlilega arðgjöf af nýjum orkuverum og er sú þróun þegar hafin í Skandinavíu og annars staðar í Evrópu. Í Bandaríkjunum hefur þróunin gengið hægar og í því sambandi má minna á ástandið í Kaliforníu, þar sem yfirvöld hafa lent í vandræðum vegna rangra ákvarðana, sem leitt hafa til raforkuskorts.

Þegar litið er til þess hvaða möguleika Ísland hefur til að feta í fótspor annarra Evrópuríkja við nýskipan raforkumála kemur í ljós að á því eru ýmsir annmarkar sem stafa af einangrun og smæð íslenska raforkumarkaðarins. Sameiginlegur raforkumarkaður er mögulegur vegna samtengingar innan álfunnar. Ísland er einangrað að þessu leyti, skortir samtengingu og getur því ekki flutt út raforku sína nema í formi einhvers konar varnings. Sæstrengur frá Íslandi til meginlandsins myndi gerbreyta þessari stöðu en hagkvæmni slíkrar framkvæmdar er ekki nægileg í dag þótt á því geti orðið breyting á næstu áratugum. Íslenski rafmagnsmarkaðurinn er afar smár og skiptist hann þannig á árinu 2000 að rafmagnssala til stóriðju nam 64% af heildar rafmagnssölunni en 36% til almenningsrafveitna. Hlutur stóriðju mun væntanlega aukast verulega á næstu árum. Rafmagnssala á árinu 2000 til almenningsrafveitna nam um 2.700 GWst en tilskipun ES nær ekki til einangraðra raforkumarkaða sem eru 2.500 GWst eða minni.

Rafmagnssala til stóriðju byggist að öllu leyti á 20 ára rafmagnssamningum og koma núgildandi samningar ekki til endurnýjunar fyrr en á árunum 2014 – 2019. Nýir stóriðjusamningar og endurnýjun þeirra eldri verða án efa til langs tíma. Samkeppni um rafmagnssölu til stóriðju er því takmörkunum háð. Þá ber og að hafa það í huga að rafmagnssala til stóriðju er í harðri alþjóðlegri samkeppni sem kemur fram í staðarvali fyrirtækjanna. Samkeppni á raforkumarkaðnum á næstu árum verður því einkum bundin við sölu á almennum markaði.

Fjögur fyrirtæki sem stunda raforkuframleiðslu og sölu skera sig úr hvað stærð snertir. Hér á eftir verða sýndar tölur úr ársreikningum þessara fyrirtækja fyrir árið 2000:

	<u>Tekjur</u> <u>m.kr.</u>	<u>Hagnaður</u> <u>m.kr.</u>	<u>Eigið fé</u> <u>m.kr.</u>	<u>Eignir alls</u> <u>m.kr.</u>	<u>Eiginfjár-</u> <u>hlutfall</u>
Landsvirkjun	11.391	- 1.366	34.504	111.596	31%
Orkuveita Reykjavíkur	10.098	389	33.922	51.276	66%
RARIK	5.071	- 210	10.668	14.345	74%
Hitaveita Suðurnesja	2.174	372	8.738	10.434	84%

Öll ofanefnd fyrirtæki önnur en Landsvirkjun reka hitaveitur en Orkuveita Reykjavíkur rekur auk þess vatnsveitu. Rétt þykir að minna á með vísun í töfluna að á markaðnum eru fjögur stór fyrirtæki en ekki eitt eins og oft kemur fram við umfjöllun um raforkumál og er þá venjulega átt við Landsvirkjun. Eins og kunnugt er hafa bæði Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja aukið markaðshlutdeild sína eftir árið 2000 með yfirtöku á öðrum orkufyrirtækjum og eru enn frekari aðgerðir af þessu tagi í undirbúningi. Öll orkuveitu-fyrirtæki hér á landi önnur en Landsvirkjun, sem og hitaveitur og vatnsveitur, hafa einkasölurétt á orkuveitusvæðum sínum. Hafa ber í huga að þó svo að aðstaða til samkeppni myndist á raforkumarkaðnum þá á það sama ekki við um rekstur hitaveitna og getur einokun á því sviði takmarkað eða hindrað samkeppnismöguleika í rafmagnssölu nema gripið sé til viðeigandi aðskilnaðar.

Í umræðum um samkeppni á raforkumarkaðnum hafa komið fram hugmyndir um að til að tryggja samkeppni þurfi að kljúfa stærstu raforkufyrirtækin í nokkur smærri og hefur hér einkum verið átt við Landsvirkjun. Þessar umræður eru komnar til vegna yfirburðastöðu Landsvirkjunar í rafmagnsframleiðslu en fyrirtækið framleiddi 85,7% raforkunnar í landinu árið 2000. Afleiðingar þess ef framleiðsluþáttum Landsvirkjunar yrði skipt upp hafa verið skoðaðar og liggur nokkuð ljóst fyrir að slík uppskipting myndi hafa í för með sér aukinn kostnað og þá sérstaklega fjármagnskostnað. Uppskipting Landsvirkjunar hefði það í för með sér að erfiðara yrði að ráðast í stórvirkjanir vegna stóriðju en til slíks þarf fjárhagslegan styrk, tæknilega getu og reynslu.

Í frumvarpi til raforkulaga er ekki gert ráð fyrir annarri uppskiptingu fyrirtækja en þeirri sem greinir einokunarþætti, þ.e. flutning og dreifingu raforku, frá annarri starfsemi. Til að ná markmiðum frumvarpsins er þessi uppskipting nauðsynleg og mjög eðlileg og er einungis spurning um hvort aðskilnaður þessara þátta á að vera í formi sérstakra fyrirtækja eða hvort bókhaldslegur og stjórnunarlegur aðskilnaður verði látinn nægja. Í frumvarpinu er fyrri leiðin farin með mögulegum undanþágum vegna reksturs jarðvarmaorkuvera. Ef fallist verður á að bókhaldslegur og stjórnunarlegur aðskilnaður nægi innan orkufyrirtækjanna þá telur Landsvirkjun að eftirlit með rekstri einokunarþáttanna þyrfti að vera meira en ef sérstök fyrirtæki sæju um reksturinn. Það er skoðun Landsvirkjunar að undir engum kringumstæðum eigi raforkusölustarfsemi á smásölumarkaði að vera hluti af fyrirtæki sem sinnir jafnframt einokunarþætti á raforkusviði og á því öll slík starfsemi að vera rekin af sjálfstæðum fyrirtækjum. Hvað Landsvirkjun varðar þá telur fyrirtækið eðlilegt að flutningskerfið eins og því er lýst í frumvarpinu verði í sérstöku fyrirtæki sem tryggir jafnan aðgang að kerfinu og jafnræði. Sama gildir um einstök dreifikerfi. Mikilvægt er að flutningsfyrirtækið sé nægilega viðtækt og sterkt til að tryggja meginmarkmið frumvarpsins um opinn og frjálsan raforkumarkað sem taki til landsins alls. Samkeppni um orkuvinnslu og sölu getur þá þróast á komandi árum. Mikilvægt er að lögin tryggi að markaðsviðskipti komist á, ekki einvörðungu í smásölu heldur einnig á heildsölumarkaði milli framleiðenda og söluvirkækja þannig að þar eigi sér stað frjáls viðskipti með gagnsærri verðmyndun.



Landsvirkjun

Helstu athugasemdir við einstaka kafla

Hér á eftir verður fjallað um helstu atriði frumvarpsins sem Landsvirkjun telur ástæðu til að vekja athygli á.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið

Íhuga má hvort markmið um aukna nýtingu innlendra orkugjafa á ekki erindi í 1. grein frumvarpsins.

Í 3. gr., skilgreiningum, þyrfti að breyta skilgreiningu í tölulið 17 þannig að hún taki einnig til orðsins virkjun. Í skilgreiningunni á orðunum raforkuver/virkjun þyrfti að koma skýrt fram að tvær eða fleiri smáar einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutnings- eða dreifikerfinu gegnum sameiginleg tengivirki, teljist ein virkjun.

II. KAFLI

Raforkuvinnsla

Kveðið er á um að virkjunarleyfi skuli ekki gefa út til lengri tíma en 50 ára í senn. Ekki er kveðið á um hvernig fari í lok leyfistímans en tekið fram í athugasemdum að leyfistíminn sé miðaður við eðlilegan fyrningartíma virkjana. Öllum er ljóst að orkuver geta enst mun lengur en þetta en með árunum eykst viðhaldskostnaður þeirra. Ekki kemur fram hvort ríkið muni greiða leyfishafa andvirði orkuvers og tilheyrandi mannvirkja og annarra réttinda í lok leyfistímans. Sé ekki gert ráð fyrir því gæti farið svo að leyfishafi vanræki viðhald þegar líður á leyfistímann og hlýtur það almennt að teljast óheppileg niðurstaða eins og reynslan í Noregi hefur sýnt. Landsvirkjun telur virkjunarleyfi eigi að vera ótímabundin, enda geti annað raskað fjárhagslegri hagkvæmni einstakra mannvirkja og haft áhrif til hækkunar á orkuverði.

Ákvæði 4. gr. eru í ósamræmi við 23. gr. Sjá nánar um VI. kafla.

Í 5. gr. frumvarpsins er ákvæði um að handhafa virkjunarleyfis sé óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði. "Ráðherra getur vikið frá þessu skilyrði varðandi rekstur jarðvarmaorkuvers sem bæði vinnur raforku og heitt vatn. Skal þá haldið aðskilið bókhald vegna þessara rekstrarþátta." Landsvirkjun bendir á að hér er vikið frá grundvallarforsendum frumvarpsins um aðskilnað starfsemi á samkeppnis- og sérleyfisviðum. Ef undanþáguheimild verður nýtt þarf að gæta sérstaklega vel að því að bókhaldslegur aðskilnaður tryggi að markmiðum laganna um aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisþátta verði náð.

Landsvirkjun telur að marka verði betur en gert er í frumvarpinu hvernig aðdragandi skuli vera að byggingu og rekstri nýrra virkjana. Er bent á að gera þurfi grein fyrir hlutverki

ríkisins á sviði rannsókna og afmörkun þess gagnvart þeim rannsóknum sem leyfishafi framkvæmir. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvernig fara skuli með kostnað við rannsóknir og eignarrétt að rannsóknarniðurstöðum og öðrum undirbúningi. Í frumvarpið vantar ákvæði um rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar og það sem kallað hefur verið "sokkinn kostnaður". Nauðsynlegt er að tekið verði á þessu máli í frumvarpinu þegar það verður lagt fram á ný.

Einnig þarf ákvæði í lögum um leyfisveitingaferli frá upphafi til enda, m.a. um að í umsókn til ráðherra orkumála skuli umsækjandi leggja fram tilteknar upplýsingar svo sem varðandi:

Fyrirhugaðan virkjunarstað
Áætlað afl og orkugetu væntanlegs orkuvers
Hugmyndir um tengingu við flutningskerfið
Áætlaðan undirbúnings- og framkvæmdatíma
Fjárhagslega- og tæknilega getu umsækjanda o.fl.

Eðlilegt væri að þegar ráðherra hefur borist umsókn um virkjunarleyfi þá gefi hann í opinberri auglýsingu sem kveðið er á um í 34. grein frumvarpsins, öðrum sem þess kynnu að óska tækifæri til að leggja einnig inn umsókn.

Þegar umsækjandi hefur fengið virkjunarleyfi þá þarf honum að vera tryggður hæfilegur tími til rannsókna, til að framkvæma mat á umhverfisáhrifum, samninga við landeigendur og aðra réttihafa og til undirbúnings að öðru leyti. Ef hann uppfyllir ekki eðlilegar kröfur sem tilgreindar eru í virkjunarleyfinu kæmi til greina að veita öðrum virkjunarleyfið en þá þurfa að vera skýrar reglur um hvernig skuli fara um þann kostnað og undirbúning sem þegar hefur verið lagt í og greiðslur fyrir hann.

Landsvirkjun telur mikilvægt að leyfisveitingaferlið í heild verði endurskoðað og meginþættir þess skýrðir í þessum kafla laganna til að tryggja eðlilegt verklag við undirbúning virkjana.

Í 6. gr. frumvarpsins stendur:

"Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega."

Ef til endurskoðunar sem þessarar kæmi þarf að tryggja að ekki komi til röskunar á rekstrarforsendum viðkomandi virkjunar, jafnt tæknilega sem fjárhagslega. Tryggja þarf bótarétt leyfishafa verði réttindi hans skert.

III. KAFLI Flutningur

Vegna veigamikils hlutverks flutningskerfisins er nauðsynlegt að það nái til allra megin þátttakenda á markaðinum, þ.e. virkjana, dreifikerfa og stórnotenda. Nauðsynlegt er að flutningstakmarkanir í kerfinu verði sem minnstar, þannig að viðskipti geti átt sér stað með rafmagn á sem víðtækastan og fjölbreyttastan hátt og án þess að tæknileg vandkvæði í

flutningskerfinu dragi úr þeim. Frumvarpið tekur vel á þessum þætti, enda er það einn helsti tilgangur þess að gera landið að einu virku markaðssvæði.

IV. KAFLI

Dreifing

Við er til þess sem áður hefur verið sagt um aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi.

V. KAFLI

Raforkuviðskipti

Í frumvarpinu er lítið fjallað um raforkumarkaðinn sjálfan. Tryggja þarf að bæði verði til heildsölumarkaður og smásölumarkaður. Æskilegt er því að megineinkennum þeirra verði gerð skil í frumvarpinu.

Viðskipti á smásölumarkaðnum eru mun einfaldari en á heildsölumarkaðinum. Þar eiga notendur að geta keypt rafmagn beint af söluþyrirtækjum og skipt um söluaðila á einfaldan hátt. Dreifiveitur sjá um að tryggja aðgang að dreifikerfi. Söluþyrirtæki kaupa rafmagn á heildsölumarkaði og selja á smásölumarkaði.

Heildsölumarkaðurinn þarf að gefa svigrúm til fjölbreyttra viðskipta milli framleiðenda, söluaðila og kerfisstjóra fyrir hönd flutningskerfisins. Viðskiptin þurfa að vera eins og áður hefur komið fram, gegnsæ og lúta almennum samkeppnisreglum.

Í því markaðsumhverfi sem frumvarpið miðar að er fyrst og fremst hugsað til þess að núverandi raforkumarkaður verði virkur. Rétt er að benda á að mjög líttill vöxtur er á almenna markaðinum, eða um 2% á ári, og nýir stórnotendur falla sjaldnast vel að því flutningskerfi sem þarf vegna almenna markaðarins.

Landsvirkjun hefur vegna þess hlutverks síns að afla rafmagns fyrir nýja stóriðju, verðlagt flutning til hennar miðað við svokallaðan flýtingarkostnað. Slík verðlagning á raforkuflutningi hefur í sumum tilvikum verið forsenda fyrir samningum við stórnotendur um raforkukaup og á að tryggja að þeir sem fyrir eru í kerfinu verði skaðlausir af slíkum samningi. Hér er oft á tíðum verið að semja við aðila sem eru að skoða möguleika á að setja upp verksmiðjur í öðrum löndum og tengja þær flutningskerfum þar, og eru þannig í samkeppni við flutningskerfi og virkjanir hér á landi. Ef Ísland á að halda samkeppnishæfni sinni á alþjóðlegum markaði þarf að vera unnt að semja við nýja stórnotendur á þessum forsendum. Ekki verður séð að frumvarpið taki tillit til þessa.

VI. KAFLI

Skyldur landeigenda. Eignarnáms- og bótaákvæði

Ekki kemur glögggt fram í frumvarpinu hvernig afla skuli nauðsynlegra lands- og orkuréttinda vegna nýrra orkuvera og flutningsvirkja. Sá sem hyggur á byggingu nýrrar virkjunar leitar varla samninga við eigendur þessara réttinda fyrr en hann hefur fengið virkjunarleyfi. Telja má nær útilokað að hann geti lokið þeim samningum á 60 dögum eins og áskilið er í frumvarpinu. Mun því ætíð verða nauðsynlegt að afla eignarnámsheimildar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er misræmi þar sem í 4. grein þess segir að leyfishafi skuli fá heimild til eignarnáms skv. 23. grein. Í 23. grein segir hinsvegar að ráðherra geti tekið, eða sé heimilt að ákveða að ríkið taki þessi réttindi eignarnámi. Hann geti heimilað leyfishafa að framkvæma eignarnámið en leyfishafi beri allan kostnað af því. Þessi ákvæði eru öll óljós og þarfnast lagfæringar. Benda má á það óhagræði sem fælist í því að réttindi þessi yrðu tekin eignarnámi í takmarkaðan tíma sbr. ákvæði um takmarkaðan gildistíma virkjunarleyfa.

VII. KAFLI

Eftirlit og úrræði

Ítarleg ákvæði eru í frumvarpinu um eftirlit og úrræði. Er Orkustofnun ætlað þar viðamest hlutverk en auk þess gegna Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofa ákveðnu hlutverki. Eftir því sem aðskilnaður fyrirtækja á sérleyfis- og samkeppnisviðum er minni þá reynir meira á eftirlitshlutverk þessara stofnana. Bent er á að í öðrum löndum í Evrópu gengur þróunin í þá átt að auka aðskilnað í fyrirtækjarekstri sem bendir til þess að svokallaðir Kínamúrar komi að takmörkuðum notum þegar á reynir.

Kostnaður vegna eftirlits opinberra aðila hefur verið áætlaður 50 m.kr. en að auki þarf að greiða fyrir eftirlit faggiltra skoðunarstofa og hefur verið rætt um að það eftirlit myndi kosta 50 m.kr. Landsvirkjun telur eftirlitskostnaðinn verulega vanáætlaðan. Samkvæmt frumvarpinu (31. gr.) skal flutningsfyrirtækið greiða gjald af allri innmataðri raforku þar með talið raforku til stóriðju. Núverandi samningar gera ekki ráð fyrir innheimtu á þessu gjaldi frá stóriðjukaupendum.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði um leyfisveitingar

Í 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra skuli kynna umsókn með opinberri auglýsingu í því skyni að gefa aðilum er málið varðar færi á að kynna sér umsóknina. Bæta þyrfti inn ákvæði um að með auglýsingunni væri öðrum aðilum gefið færi á að leggja inn umsókn. Kæmi til álita að lengja þyrfti af þeim sökum þann tveggja mánaða frest sem tiltekinn er í greininni. Jafnframt er vakin athygli á fyrri athugasemdum um kafla II.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði

Ákvæði til bráðabirgða

Í IV. grein í ákvæðum til bráðabirgða eru ákvæði um tíma- og stærðarmörk fyrir opnun raforkumarkaðarins. Landsvirkjun bendir á að undirbúningur að gildistöku þessa frumvarps er afar skammt á veg kominn og hvetur til þess að tímamörk verði rýmkuð.

Athugasemdir við einstakar greinar

Við lestur einstakra greina frumvarpsins komu fram eftirtaldar ábendingar:

Við 1. grein

Spurt er hvort ekki eigi erindi í frumvarpið ákvæði varðandi markmið um aukna nýtingu innlendra orkugjafa.

Við 3. grein

- Skilgreiningu vantar á orðinu *Kerfisstjóri*.
- Skilgreiningu vantar á orðinu *Kerfisstjórnun*.
- Ástæðulaust er að greina á milli flutningskerfis og meginflutningskerfis. Skilgreining í tölulið 10 á *Meginflutningskerfi* ætti því að falla brott.
- Breyta þyrfti skilgreiningu í tölulið 17 þannig að hún taki einnig til orðsins *virkjun*.
Í skilgreiningunni á orðunum *Raforkuver/virkjun* þyrfti að koma skýrt fram að tvær eða fleiri smáar einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutnings- eða dreifikerfinu gegnum sameiginleg tengivirki, teljist ein virkjun.
- Skilgreiningu vantar á orðinu *Sérleyfisstarfsemi*.
- Í tölulið 22 kemur fyrir orðið ráðherra Skýrara væri að segja ráðherra orkumála.

Númer töluliða breytist tilsvareandi.

Við 4. grein

Lagt er til að tímamörk virkjunarleyfis falli brott. Sjá nánar athugasemdir við II. kafla frumvarpsins.

Í greininni er kveðið á um að leyfishafi þurfi að ná samkomulagi við landeigendur og eigendur orkulinda innan 60 daga frá útgáfu virkjunarleyfis eða að fá heimild til eignarnáms. Telja verður að 60 dagar séu allt of stuttur tímafrestur til samninga. Samkvæmt 23. grein er það ráðherra sem tekur þessi verðmæti eignarnámi og afhendir þau leyfishafa. Greiða þarf úr þessu misræmi. Sjá nánar athugasemdir við VI. kafla frumvarpsins.

Í greininni er ákvæði um að við veitingu virkjunarleyfa skuli heimilt að veita þeim forgang sem áforma að vinna rafmagn úr endurnýjanlegum orkulindum. Þetta samræmist varla ákvæðum um að óheimilt sé að synja um veitingu virkjunarleyfis með vísun í nægt framboð rafmagns.

Við 5. grein

Bent er á að undanþáguákvæði 1. mgr. sé óheppilegt. Blönduð orkuver af því tagi sem vísað er til eru stór þáttur í orkuframleiðslu fyrir almennan markað hér á landi og undanþága gæti því haft veruleg áhrif á samkeppnisstöðu á raforkumarkaði. Gera þyrfti mjög strangar kröfur um eftirlit, ef undanþága yrði veitt.

Í lok 2. mgr. segir að mögulegt skuli vera að tengja virkjun flutningskerfinu og að samningur um tengingu skuli liggja fyrir við útgáfu virkjunarleyfis. Þessum ákvæðum er ofaukið enda er mögulegt að tengja allar virkjanir við flutningskerfi ef ekki er horft til kostnaðar. Auk þess er óraunhæft að semja um tengingu áður en virkjunarleyfi liggur fyrir.

Í lok 4. mgr. er ráðherra heimilað að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis. Í frumvarpið vantar ákvæði sem tryggja að slíkar breytingar raski ekki rekstrarforsendum viðkomandi virkjunar, hvorki tæknilega né fjárhagslega. Tryggja þarf bótarétt leyfishafa verði réttindi hans skert.

Við 6. grein

Varðandi ákvæði 1. töluliðar um gildistíma vísast til athugasemda við 4. grein og II. kafla frumvarpsins.

Varðandi tölulið 7 er bent á að ekki kemur fram hvort rekstrartími sé hinn sami og gildistími leyfis. Vísað er til fyrri athugasemda við takmarkaðan gildistíma virkjunarleyfis.

Í niðurlagi greinarinnar er ráðherra heimilað að endurskoða virkjunarleyfi á gildistíma þess. Hér þarf að tryggja að slík endurskoðun raski ekki rekstrarforsendum virkjunar, jafnt tæknilega sem fjárhagslega. Tryggja þarf bótarétt leyfishafa verði réttindi hans skert.

Töluliðir 4 og 6 eru óþarfir þar sem almennar reglur gilda um þar greind atriði.

Við 8. grein

Í greininni er starfsemi flutningsfyrirtækis settar þröngar skorður sem hætt er við að takmarki uppbyggingu þekkingar innan þess og þróun að öðru leyti. Nauðsynlegt er að setja umgjörð um starfsemi flutningsfyrirtækisins en þó þarf að gæta þess að hún gefi fyrirtækinu nægilegt svigrúm svo það geti gegnt hlutverki sínu sem best.

Við 9. grein

Telja verður að sú starfsemi varðandi rekstur flutningskerfisins, sem tilgreind er í 2. málsgrein, töluliðum 3 og 4 falli fremur undir hlutverk kerfisstjórnunar en rekstur flutningskerfisins.

Flutningsfyrirtækinu er ætlað að ákvarða notkunarferla fyrir einstaka notendahópa þar sem aflmæling fer ekki fram. Eðlilegra væri að dreififyrirtækið sjái um þetta verk, þar sem það hefur bein viðskipti við litla notendur, enda liggja gögn um notkunarferla þar en ekki hjá flutningsfyrirtækinu.

Hér eru skyldur lagðar á flutningsfyrirtækið og kerfisstjórn sem byggja á þeirri forsendu að markaðslögmál um framboð og eftirspurn á rafmagni gangi upp. Setja þarf ákvæði um úrræði kerfisstjórnar og rétt til beinnar íhlutunar ef í ljós kemur að virkur markaður myndast ekki um nauðsynlega þætti í kerfisrekstri.

Við 10. grein

Í lok 3. málsgreinar vantar tilvísun til undanþáguákvæðis 11. greinar frumvarpsins.

Við 11. grein

Þrátt fyrir ákvæði 10. greinar ætti að vera í greininni heimild fyrir flutningsfyrirtækið til aðgangs, ef þörf krefur, að ónýttri flutningsgetu í línunum sem reistar eru með sérstakri heimild ráðherra samkvæmt 11. grein.

Við 12. grein

Í 1. tölulið ákvæða um uppbyggingu gjaldskrár kemur orðið *meginflutningskerfi* tvisvar fyrir, en ætti að vera *flutningskerfi* sbr. athugasemd við 3. grein.

Við 13. grein

Óski enginn eftir sérleyfi til dreifingar fellur skylda til þess væntanlega á ríkið.

Við 14. grein

Fella ætti brott eftirgreind orð í upphafi greinarinnar: *nema í þeim tilgangi einum að gegna skyldum sínum samkvæmt lögum þessum. Í stað þeirra kæmi: svo og aðra sérleyfisstarfsemi á orkusviði en rekstur dreifikerfa og flutningsvirkja.*

Bent er á að eigendur dreifikerfa ættu að hafa ótvíráðan rétt til að leigja viðkomandi leyfishafa kerfi sín til rekstrar á hliðstæðan hátt og eigendur flutningsvirkja hafa þann rétt gagnvart flutningsfyrirtækinu.

Við 15. grein

Lagt er til að 1. töluliður falli brott.

Við 16. grein

Töluliður 2. er mótsagnakenndur. Allir eiga rétt á tengingu en þó er heimilt að synja nýjum aðilum um tengingu.

Við 18. grein

Spurning er hve langan viðskiptasamning sölufyrirtæki má gera ef leyfi hans til að stunda viðskipti með raforku er aðeins til 5 ára í senn.

Einnig vaknar spurning um tilgang með tölulið 3 þar sem segir að aðalskrifstofa skuli vera hér á landi.

Í 4. tölulið virðast vera gerðar strangari kröfur til framkvæmdastjóra og/eða stjórnarmanna fyrirtækja á samkeppnissviði en gerðar eru til hliðstæðra aðila á sérleyfissviði.

Við 19. grein

Hér vantar nánari útfærslu á tilhögun markaðsviðskipta með rafmagn, samskipta sölufyrirtækja, kerfisstjórnar og hugsanlegs orkumarkaðar. Samskipti þurfa að vera lipur og skilvirk og er einkum bent á 2. og 5. tölulið í því sambandi.

Við 20. grein

Ákvæði um tilkynningarskyldu sölufyrirtækja til viðkomandi dreifiveitu stangast á við 19. grein sem kveður á um tilkynningar til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis. Frestir virðast vera langir.

Við 21. grein

Óeðlilegt sýnist að leggja þá skyldu á landeigendur að gæta þess að umsvif framkvæmdaraðila skapi ekki hættu.

Erfitt gæti verið að marka upphaf framkvæmda enda geta talsverð umsvif fylgt rannsóknum og öðrum undirbúningi, sbr. til dæmis leit að námum, rannsóknir á stíflustæðum o.þ.h.

Við 23. grein

Sjá athugasemdir við VI. kafla frumvarpsins varðandi eignarnám o.fl.

Við 24. grein

Í athugasemdum við lagafrumvarpið, grein 6.4.7. segir að nauðsynlegt þyki að styrkja frekar stjórnsýsluhlutverk Orkustofnunar. Ennfremur er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti falið löggiltri skoðunarstofu að vinna nánar tiltekin verk. Svo virðist sem hér sé um óþarflega flókna stjórnsýslu að ræða og kostnaðarsama. Lagt er til að skoðað verði vandlega hvort ekki megi einfalda hana.

Mikilvægt er að skilja eftirlitshlutverk samkvæmt frumvarpinu frá annarri starfsemi Orkustofnunar, einkum vegna þeirrar rannsóknarstarfsemi sem stofnunin hefur með höndum fyrir orkufyrirtæki. Þarna berast inn viðkvæmar upplýsingar samkeppnisaðila.

Við 25. grein

Hér eru Orkustofnun fengnar mjög víðtækar heimildir til að krefjast upplýsinga og gagna frá orkufyrirtækjum og stjórnvöldum. Nauðsynlegt er að tryggja viðskiptaleynd og koma í veg fyrir óhóflega vinnu við skýrslugerðir til stofnunarinnar.

Við 31. grein

Gera má ráð fyrir að samkvæmt þessari grein frumvarpsins verði eftirlitskostnaður vart undir 100 milljónum króna á ári í upphafi. Gild rök eru fyrir því að hér sé um verulega vanáætlun að ræða í ljósi þeirrar eftirlitsskyldu sem frumvarpið kveður á um. Gjald á flutningsfyrirtækið tekur til allrar raforku sem fer inn á kerfið, þar með talið til stóriðju. Landsvirkjun getur ekki innheimt þennan kostnað frá stóriðjukaupendum á gildistíma núverandi samninga.

Við 32. grein

Hér vaknar spurning um hve víðtæk heimild ráðherra sé til framsals valds.

Við 35. grein

Væntanlega mundi ráðherra ekki synja um heimild til framsals leyfis ef nýr aðili uppfyllir upphafleg skilyrði leyfis. Spurning er hvort takmörkun á heimild leyfishafa til veðsetningar er nauðsynleg.

Við ákvæði til bráðabirgða IV

Bent er á að undirbúningur að gildistöku þessa frumvarps er afar skammt á veg kominn og hvatt til þess að tímamörk verði almennt rýmkuð. Ástæða er líka til að benda á, að æskilegt er að undirbúa málið vel áður en endanlegt frumvarps verður lagt fram. Breyta þarf ýmsum lögum og til bóta er að öll viðkomandi lagafrumvörp verði til umfjöllunar á sama tíma.